Jeg har takkende modtaget deres ærede brev af 14. f. m. og til svar tjener fölgende, under henvisning til mit brev af gaars dato, hvori der meddeltes dem, at deres tilbud om bygning af gasværk for byen var antaget.

Jeg tror ikke at byraadet vil gaa ind paa de i deres brev angivne laanebetingelser, hverken den ene eller den anden. Disse synes at være altfor strenge, og jeg haaber i altfald enten her i landet eller i Skandinavien at kunne faa gunstigere vilkaar. Byen har kun en lille gjæld. Et ifjor optaget laan i Köbenhavn erholdtes à pari til en rente af 4½% og 40 aars afbetaling, og da det ventes, at pengemarkedet vil forbedre sig betydeligt næste aar kan man forhaabentlig opnaa ligesaa gunstige vilkaar igen. Jeg takker dem imidlertid for deres bestræbelser i denne henseende og haaber at de vil fortsætte deres anstrængelser for at faa fordelagtigere

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tilbud. I slutningen af denne maaned vil byens finanzielle status blive nöjagtig opgjort og tilstillet dem i Januar-maaned.

Med Nöjagtelse



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, Borgmesterkontoret
20. Decbr. 1908.

Herr Carl Francke, Bremen. 293

Da herr Carl Francke jun. var heroppe i sommer udtalte han det önske at jeg vilde anbefale ham en ung mand, som firmaet önskede at faa i sin tjeneste, hvis hans tilbud om at projektere og bygge et gasværk for byen blev accepteret.

Da dette er sket tillader jeg mig at meddele at jeg hertil har udset en ung, dannet mand af behageligt væsen, som jeg antager vil kunne udföre det ham tiltænkte hverv. Jeg önsker derfor underretning om, om firmaet önsker at faa en saadan ung mand i sin tjeneste og hvilket hverv der er tiltænkt ham.

Med höjagtelse

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavik , Borgmesterkontoret 30 Des. 1908 — 244

Herr Sophus Berendsen , Köbenhavn

Til gensvar paa deres ærede af 24 f.m. beklager jeg at maatte meddele, at den liste over fittings etc. som De önsker tilbagasendt ikke har kunnet findes hvorfor den sandsynligvis er gaaet tabt der. Hvis den findes senere vil den öjeblikkelig blive dem tilsendt.-

Med höjagtelse

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

21.des.1908

295

Bæjarstjórn og byggingarnefnd hafa leyft yður að gera skúr 4.6 áln. að stærð við austurgaflinn á húsi yðar nr.40 við Skólavörðustíg.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra

Tómas Petersen, Skólavörðustig 40

Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

21.des.1908

296

Bæjarstjórn og byggingarnefnd hafa leyft yður að hafa geymsluhús það, er yður hafði verið leyft að byggja 7.8 aln. í stað 6.8 aln.-

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra

Sveinn bóndi Jónsson, Vatnsenda.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

21.des.1908

297

Út af erindi yðar, herra málafærslumaður, var á byggingarnefndarfundi 12.þ.m. gjörð svohljóðandi ályktun :

" Lagt fram erindi frá Karli Einarssyni fyrir hönd Ólafs Jónssonar út af tanmeldri lóð við Kárastig. Byggingarnefndin vísar til ákvörðunar sinnar 16.júní 1907. Gangi Ólafur ekki að því, leggur byggingarnefndin til að hlutaðeiganda verði endurgoldnar 64 kr., sem reynast ofborgaðar, eða bæjarstjórnin reyni að útvega honum 64 ferálna lóð í viðbót við lóð hans og áfasta henni.-

Þessa ályktun samþykkti bæjarstjórnin á fundi 17.þ.m..-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra

málfærslumaður Karl Einarsson, Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
21.desbr.-1908.-

298

Samkvæmt umsókn yðar,herra kaupmaður, var yður veittur frestur fram til aprílloka til að steypa eldvarnarvegg í skúr þann,er þjer bygðuð síðastliðið sumar of nærri lóðarmörkum.-

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra
kaupmaður Ámundi Árnason,Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

21.des.1908

298

Hjer með leyfi jeg mjer að senda yður, herra bæjarfógeti, brunabótavirðingar þær, er bæjarstjórnin samþykkti á síðasta fundi 17.þ.m..-

Til

Bæjarfógetans í Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

21.des.1906

299

Á fundi 17.þ.m. samþykkti bæjarstjórnin brunabótavirðingar á eptirgreindum húseignum :

| | | |
|---|---|---|
| Th.Thorsteinsson,Vesturgötu 3 | kr. | 35.194.oo |
| Jóh.Kr.Jóhannessonar,Laugavegi | " | 10.717.oo |

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður,herra brunamálastjóri hjer með.-

Herra

Brunamálastjóri Hannes Thorsteinsson,Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur

22.des.1908

300

Á síðasta fundi byggingarnefndarinnar var það upplýst, að Katli Þorsteinsson á Vitatorgi hafði vanrækt að setja eldvarnargafl við salerni, er honum þó var skylt að gjöra, þar sem salernin voru ella of nærri lóðarmörkum. Brot þetta kærir byggingarnefndin hjer með fyrir yður, herra bæjarfógeti til þess að ábyrgð verði komið fram á hendur Katli Þorsteinssyni fyrir þetta, og mun byggingarfulltrúinn láta yður í tje nauðsynlegar upplýsingar í þessu efni.

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur

22 des. '08

301

Á síðasta fundi byggingarnefndarinnar var út af framkomnu erindi verzlunarinnar samþykkt svohljóðandi ákvörðun.

H. Th. A. Thomsen synjað um leyfi til að láta standa vagnaskýlið bak við Hafnarstræti 17 er margsinnis hefur verið til umræðu á þessu ári, nema því að eins að gerður sje eldvarnaveggur út að bryggjupallinum.

Jafnframt því að tilkynna þetta, er verzlunin aðvöruð um að láta nú ekki lengur dragast að rífa niður hið umrædda vagnaskýli, nema því að eins að eldvarnaveggur verði byggður þegar í stað.

Til

H. Th. A. Thomsens-verzlunar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

22. des. 1908

302

Með brjefi dags. 25 ágúst þ. á. fór jeg þess á leit við yður herra bæjarfógeti að þjer kæmuð því til leiðar að H. Th. A. Thomsens verzlun fullnægði ákvæðum bygginganefndarinnar á fundum 21. des. f. á. og 18. jan. þ. á. um að rífa niður vagnaskýli verzlunarinnar við uppskipunarpallinn hjá bæjarbryggjunni. Þessu hefur enn ekki verið fullnægt, en í stað þess hefur verzlunin með brjefi dags. 30. f. m. farið þess á leit að vagnaskýlið megi standa. Þessu hefur bygginganefndin synjað á fundi 12. f. m. eins og meðfylgjandi eptirrit úr gjörðabókinni ber með sjer. Eru því hjer með ítrekuð tilmælin um að nefnd verslun verði þvinguð til að rífa niður vagnskýlið nema eldvarnarveggurinn verði byggður og að ábyrgð verði komið fram á hendur hlutaðeigendum ef það verður ekki gjört.

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík. -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

22.des.1908

303

Hjer með tilkynnist yður, að bæjarstjórnin hefur samþykkt að veita barni yðar ókeypis kennslu við barnaskóla kaupstaðarins.-

Til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

22.des.1908

304

Hjer með tilkynnist yður, að bæjarstjórnin hefur samþykkt, að veita skuli barni yðar [illegible] eptirgjöf á 1/2 skólagjaldi í barnaskóla kaupstaðarins.-

Til

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Skólanefndar Reykjavikur

22.des.1908

305

Hjer með tilkynnist yður, herra skólastjóri, að skólanefndin hefur með samþykki bæjarstjórnarinnar ákveðið að hækka árslaun yðar um 500 krónur frá 1.jan.næstkomandi að telja.-

Herra

skólastjóri Morten Hansen, Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

22.des.1908

306

Hjer með tilkynnist yður, herra skólastjóri, að bæjarstjórnin hefur á fundi 17.þ.m. veitt eptirgreindum börnum að fullu eptirgjöf á skólagjaldi fyrir yfirstandandi ár :

Haraldi Ólafssyni

Ingunni Sigríði Tómasdóttur

Guðmundi N.Hannessyni

Lovisu Stefánsdóttur

Sveini Th.Gunnarðsyni og

barni Runólfs Þórðarsonar

og eptirgjöf á 1/2 kennslukaupsi þessum :

Guðmundi Eyjólfssyni

Hjálmari A.Jónssyni

og Guðrúnu Hafliðadóttur.-

Jafnframt því að tilkynna yður þetta, herra skólastjóri, erúð þjer beðinn um að senda bæjargjaldkeranum skrá yfir nöfn, heimili og foreldra barna þeirra undir 10 ára aldri, sem eru i skólanum og kennslukaup á að greiða fyrir.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifs-tofu Borgarstjóra Reykjavíkur

23.des.1908

307

Jeg leyfi mjer virðingarfyllst að senda hinu háa stjórnarráði hjer með frumvarp til samþykktar um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík, er var samþykkt á fundi bæjarstjórnarinnar 17.þ.m., orð eftir orð eins og ritað er í meðfylgjandi skjali. Leyfi jeg mjer að fara þess á leit, að herra ráðherranum vildi þóknast að samþykkja frumvarpið og láta síðan prenta það í B-deild stjórnartíðindanna. Jafnframt er þess óskað, að frumvarpið öðlist lagagildi ef hægt er frá 1. januar næstkomandi.-

Til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

24. des. 1908.



308

Á fundi i gær var úrskurðuð kæra sú, er þjer, herra lagaskólastjóri, höfðuð sent yfir tekjuskatti þeim, er nefndin hafði áætlað yður á skattskránni. Eptirrit af úrskurði þessum sendi jeg hjer með. Kæran sjál mun verða yður endursend ef þjer áfrýjið úrskurðinum.-

Herra lagaskólastjóri Lárus H. Bjarnason Reykjavik.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

24. des. 1908

309

Skattanefndin hafði í gær til meðferðar kæru yðar, herra kaupmaður, yfir eignaskatti þeim, er nefndin hafði á skattskránni áætlað yður. Úrskurð þótti ekki vera hægt að leggja á kæru yðar að svo komnu, og fól nefndin mjer að beiðast nánari skýrslu frá yður um eignir yðar og tekjur. Þar sem skattanefndinni var ekki kunnugt um, að þjer hefðuð neinar tekjur aðrar en af arðberandi eignum yðar, og því hafði nefndin áætlað tekjur yðar af þeim 3000 kr. Skattanefndin óskar nú að fá að vita hve miklar arðberandi eignir yðar sje og hve mikill árlegur arður yðar af þeim sje, sem og hvort nokkuð eigi að telja frá tekjunum og þá hve mikið, og á hverju það grundvallist, en einskis af þessu var getið í kæru yðar.-

Herra kaupmaður Sigfús H. Bjarnason , Reykjavik.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
24. des. 1908

310

Með brjefi dags. 9.f.m. hafið þjer farið þess á leit, að eignaskattur sá, er skattanefndin hafði ætlað yður á skattskránni, verði numinn burt af skránni, þar sem þjer ekki sjeuð eigandi hvorki að fasteign nje lausafje, er skatt beri að greiða af.-

Áður en skattanefndin úrskurðar um þetta kæratriði yðar óskar hún að fá upplýst hvenær þjer hafið selt fasteign þá, er þjer hingað til hafið greitt eignaskatt af. Upplýsingu um þetta óska jeg að fá sem fyrst.-

Herra Jón Magnússon frá Bráðræði.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

24. des. 1908

311

Eptir að hafa meðtekið heiðrað brjef yðar, herra bankastjóri, dags. 13. f. m. hefur skattanefnd Reykjavikur ákveðið að breyta skattskránni þetta ár í samræmi við framtal yðar, þannig að atvinnutekjur yðar árið 1907 verði taldar 10428 kr. 57 a. og skattur sá, er yður ber að greiða af þeirri upphæð næsta ár verður 271 kr.-

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra bankastjóri Emil Schou, Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur                                   312

24. des. 1908

Eptir að hafa meðtekið frá yður skýrslu yðar um hve miklar þinglesnar veðskuldir hvíli á fasteignum yðar hefur skattanefnd kaupstaðarins úrskurðað, að nema skuli burt af skattskránni eignartekjur þær, er yður höfðu verið áætlaðar til skattgreiðslu næsta ár.-

Þetta tilkynnits yður hjer með.-

Herra Þorvaldur Bjarnarson [illegible]. Bjarnaborg.
Reykjavik.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur 313

24. des. 1908

Eptir að hafa meðtekið heiðrað brjef yðar, herra landritari, dags. 14. nóv. f.á. hefur skattanefnd kaupstaðarins fellt burt af skaåtskránni þetta ár eignaskatt þann, er yður hafði verið ásetðaður.-

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra landritari Klemens Jónsson , Reykjavi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu borgarstjóra Reykjavíkur
28. des. 1908.

314

Hjer með tilkynnist yður, að þjer munið geta fengið vinnu í vatnsveitunni fyrst um sinn, ef þjer farið þess á leit við Kjögx eða Magnús Sigfússon og sýnið þeim brjef þetta.

Herra
Þorsteinn Guðlaugsson
Brautarholti
Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu borgarstjóra Reykjavíkur 

28. Desbr. 1908

315

Þann 16. júní 1900 var yður útvísuð byggingarlóð fyrir norðan Helsumýrarblett 20 × 14 áln. og fyrir sunnan þá lóð og áfast við hana var yður útvísuð lóð til stakkstæðis 50 × 50 al. og aptur 7. sept. 1907 í viðbót við stakkstæðislóðina 50 × 50 al., stakkstæðislóðin hvorutveggja með því skilyrði, að hún skuli af hendi látin án endurgjalds, þegar bærinn krefst þess til vega eða annars í þarfir bæjarins; sbr. einnig tillögu byggingarnefndar 4. april 1906 og bæjarstjórnarsamþ. 6. s. m.

Með því að bærinn þarfnast á sumri komandi lóðar þeirrar, er yður samkv. framanrituðu hefur verið útvísuð til stakkstæðis og byggingarrjettinda yðar, þá er hjer með af hálfu bæjarins sagt upp leigurjettindum þessum hvorutveggju með 6 mánaða fyrirvara frá 1. jan. næstkomandi að telja og beiðast fyrir 1. júlí n. k. að hafa tekið burt hús þau og mannvirki sem á stakkstæðislóðinni og meðfram sjónum eru,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nema samningar verði áður gjörðir við
þeim um kaup á þeim. En viðtal við
yður um það óskast við fyrsta hentug-
leika

Herra
[illegible] Jóhannes Jósefsson Rock

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

29.des.1908

316

– Samkvæmt ósk yðar, herra lagaskólastjóri, sendi jeg yður hjer með skattskrá yðar dags. 9. f.m..-

Herra

lagaskólastjóri Lárus Bjarnason.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

30. des. 1908



317

Samkvæmt fjárhagsáætlun kaupstaðarins fyrir árið 1909, er bæjarstjórnin sampykkti á fundi 27. f.m. ber yður, herra gjaldkeri, að greiða á næsta ári án sjerstakrar ávísunar frá mjer eptirfylgjandi gjaldaliði áætlunarinnar með upphæðum þeim, er hjer greinir.

2. liður 1) greiðist sóknarprestinum í Helgafellsprestakalli á gjalddaga með kr. 204,55.

Liður 3 b. greiðist borgarstjóra með 500 krónur á mánuði hverjum, fyrirfram 1. hvers mánaðar.

Liður 3 c. greiðist yður sömuleiðis með 1/12 mánaðarlega fyrirfram fyrir mánuð hvern.

Liður 4 a, og b, greiðist lögreglupjónunum og næturvörðunum, þeim sem nefndir eru í athugasemdunum við áætlunarfrumvarpið og með upphæðum þeim, sem þar eru tilgreindar, er greiðast með 1/12 mánaðarlega fyrirfram fyrir mánuð hvern.

Liður 5. greiðist hinum þar nefndu sóturum mánaðarlega fyrirfram með 1/12 launanna.

Liður 6. greiðist með upphæðum þeim og til þeirra, sem tilgreindir í athugasemdunum við frumvarpið, með 1/12 á mánuði hverjum fyrirfram, eins og venja mun hafa verið.

Liður 9 a. Hinum föstu yfirsetukonum bæjarins ber að greiða 200 kr. á ári hverri og Sesselju Ólafsdóttur 100 kr. á sama hátt og yfirstandandi ár.-

Liður 10. Yður verður seinna tilkynnt hverjum beri að greiða fjárhæðir þessa liðar.-

Liður 15. Af fjárhæð þessa liðar ber að greiða slökkviliðs-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stjóranum Kristjáni Þorgrímssyni 50 kr. á mánuði eins og undanfarið ár., en að öðru leiti eptir sjerstakri ávisun.-

Liður 20 a. Frá 1. jan. næstkom. fær skólastjóri Morten Hansen 2000 kr. í árslaun, er greiðast með 1/12 mánaðarlega fyrirfram og Sigurður kennari Jónsson 1000 kr., er greiðast á sama hátt.

Liður 21.- Vexti og afborganirnar af lánunum ber að greiða á rjettum gjalddögum.-

Alla aðra útgjaldaliði áætlunarinnar ber að greiða samkvæmt sjerstakri ávisun minni, og skal það tekið fram, að samkvæmt hinni nýju samþykkt um stjórn bæjarmálefna, sem ætlast er til að öðlist gildi 1. jan. næstkomandi ávisa jeg eptirleiðis einn fyrir hönd fjárhagsnefndarinnar öllum útgjöldum.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3/8

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
31. des. 1908

Samkvæmt því, er hið háa stjórnarráð hefur lagt fyrir í hæstvirtu brjefi dags. 17. okt. þ.á., leyfi jeg mjer virðingarfyllst að senda hjer með yfirlýsingu fátækranefndar Reykjavíkur í brjefi dags. 23.þ.m. um það, að sjúklingurinn Þorsteinn Pálsson, er nefnt brjef stjórnarráðsins ræðir um, hafi á sínum tíma verið sendur til geðveikrahælisins í Vordingborg að tilhlutun fátækrastjórnarinnar.

Til Stjórnarráðs Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

379
7

Frá formanni fátækranefndarinnar hef jeg meðtekið til greiðslu í bæjarsjóðinn eptirgreindar upphæðir:

1. Endurgjald frá Helgu Magnúsdóttur á meðlagi með barni hennar Lauru Jóninu Jóhannesdóttur (Troppé) fyrir tímabilið 1/7 - 31/12 '08 kr. 15.00
2. Endurgjald af Ölfushreppi uppí meðlag með ómaganum Eydísi Eyjólfsdóttur frá 6. marz til 6. nóv. 1908, 2/3 af 118 kr. 97 a. - 79.31
3. Endurgjald af móðurinni á meðlagi með barninu Sigfríði Karólínu Elisabet Þórðardóttur fyrir mán. júlí-ágúst-sept. '08 - 40.00
4. Endurgjald af Bjarndísi Bjarnadóttur, eptirstöðvar af spítalalegukostnaði hennar 16/4 - 23/6 þ. á. - 65.00
5. Endurgjald af Guðrúnu Matthíasdóttur, sjúkdómslegukostnaðar vinnukonu hennar Láru Guðmundsdóttur 30/9 - 31/10 þ. á. - 44.00

Samtals - - kr. 243.31

Þessar upphæðir sem samtals eru kr. 243.31, sendi jeg yður, herra gjaldkeri hjermeð og óska kvittunar fyrir. -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

31. des. 1908 ~~250~~ 320



Með heiðruðu brjefi dags. 29. des. br. 1908 hef jeg meðtekið frá fátækranefndinni 243 kr. 31 e. til greiðslu í bæjarsjóðinn og til endurgjalds þessum upphæðum:

1. Endurgjald frá Helgu Magnúsdóttur á meðlagi með barni hennar Önnu Jóninu Jóhannesdóttur (Proppé) fyrir tímabilið 1/7 - 31/12 '08 kr. 15.00
2. Endurgjald af Ölfushreppi upp í meðlag með ómaganum Eydísi Eyjólfsdóttur frá 6. marz til 6. nóv. '08, 2/3 af kr. 118.97 a. . . . » 79.31
3. Endurgjald af móðurinni á meðlagi með barninu Sigfríði Karólínu Elísabet Þórðardóttur fyrir júní-júlí, ágúst sept. '08. . . . » 40.00
4. Endurgjald af Bjarndísi Bjarnadóttur á eptirstöðvum af spítalakostnaði hennar 16/4 - 23/6 þ.á. . . » 65.00
5. Endurgjald af Guðrúnu Matthíasdóttur á sjúkdómslegukostnaði vinnumanns hennar Páls Guðmundssonar 30/9 - 31/10 þ.á. . . » 44.00

Fyrir þessum samtals kr. 243.31 kvittast hjermeð.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra aReykjavikur

6.jan.1909

321

Með hæztvirtu brjefi dags.29.f.m. hefur hið háa stjórnarráð sent hafnarnefnd Reykjavikur til umsagnar erindi frá Birni kaupmanni Guðmundssyni dags.22.s.m. þess efnis að honum verði leyft að kljúfa hjer um bil 5-700 hlaupandi álnir af grjóti i klöppunum fyrir neðan Batteriið.Hafnarnefndin hefur tekið erindi þetta til ihugunar og sjer ekkery þvi tól fyrirstöðu,að Birni kaupmanni Guðmundssyni verði leyft þetta.

Þetta leyfi jeg mjer virðingarfyllst að tilkynna hinu háa stjórnarráði og endursendi jafnframt erindi nefnt Björns kaupmanns Guðmundssonar.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Rękjavikur

7. jan. 1909

322

Hjer með tilkynnist yður, að eptir að skattanefndin hafði fengið skýrslu yðar um hvenær þjer höfðuð selt fasteignir yðar, hefur hún numið yður burt úr tölu gjaldenda á skattskránni.-

Herra

Jón Magnússon frá Bráðræði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

7. jan. 1909 323

Hjer með tilkynnist yður, herra kaupmaður, að skattanefnd Reykjavikur hefur á síðasta fundi, sem þjer voruð viðstaddur á leiðrjett skattskrána, að því er yður snertir þannig að eignartekjur yðar á árinu 1907 eru nú samkvæmt framtali yðar taldar 549 og skatturinn þar af 25 krónur.-

Herra

kaupmaður Sigfús H. Bjarnason, Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

324

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

7.jan.1909

Eptir að skattanefnd Reykjaíkur hafði fengið reikninga Fjelagsprentsmiðjunar fyrir árið 1907, hefur nefndin leiðrjett skattskrána þannig að árstekjur prentsmiðjunnar árið 1907 eru nú taldar 1468 kr. og skatturinn þar af kr.4.50.

Þetta tilkynnist hjer með.- Reikningar þeir er fylgdu skattskærunni endursendast hjer með.-

Til

Fjelagsprentsmiðjunnar.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

7.jan.1908



Jeg leyfi mjer hjer með að senda yður, herra bæjarfógeti, skrá yfir eignar-og atvinnutekjur i Reykjavik 1907 og tekjuskatt 1909 með árituðu vottorði um að hún hafi legið almenningi til sýnis frá 1-14 nóv.f.á.-

Til

Bæjarfógetans i Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur 326

7.jan.1908

Að gefnu tilefni að yðar hálfu í brjefi dags. 4.þ.m. tilkynnist yður hjer með, að bæjarstjórnin hefur á fundi 5.nóv. heimilað Íþróttafjelagi Reykjavíkur, Ungmennafjelagi Reykjavíkur og fjelaginu Iðunn leikfimishús barnaskólans til afnota gegn 10 kr. endurgjaldi á mánuði fyrir hvert fjelag. Gjald þetta ber yður að innheimta og færa bæjarsjóðnum það til tekna undir 18 tekjulið áætlunarinnar.-

Til

Bæjargjaldkerans.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

7. jan. 1909

327

Í tilefni af brjefi yðar, herra bæjargjaldkeri, dags, 4. þ.m. er yður hjer með tjáð, að útgjöldin til ræstingar á barnaskólahúsinu færast undir útgjaldalið 20 h í fjárhagsáætluninni 1909 og ber að greiða ræstinguna eptir ávisun frá mjer í hvert sinn.-

Til

Bæjargjaldkerans.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

8.jan.1908

328

Bæjarstjórn og byggingarnefndin hafa samþykkt, að þjer megi breyta gluggum niðri í húsi yðar við Hverfisgötu 13 samkvæmt því er þjer hafið farið fram á í bréfi yðar dags.18.f.m..

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra

Ingvar Pálsson, Hverfisgötu 13, Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

8.jan.1908

329

Bæjarstjórnin og byggingarnefndin hafa leyft yður, herra kaupmaður, að byggja geymsluhús viðKalkofnsveg í stað syðsta geymsluhússins þar, er það verður rifið niður. Stærð hússins og gerð sje samkvæmt erindi yðar 31.f.m. og uppdrætti þeim er því fylgdi.-

Herra

kaupmaður Björn Guðmundsson, Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

8.jan.1909 330

Bæjarstjórn og byggingarnefnd hafa samkvæmt ósk yðar veitt yður leyfi til að byggja salerni við hús yðar Njálsgötu 40.

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra

Andrjes Pálsson, Njálsgötu 40

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
8. jan. 1909

381

Bæjarstjórnin tók til meðferðar á fundi ; sær erindi yðar, herra kaupmaður, dags. 3. f. m., þar sem bjer farið þess á leit, að fá endurgoldið úr bæjarsjóði gjald það, er þjer hafið greitt fyrir byggingarleyfi 25. febr. 1907. Ákvað bæjarstjórnin að endurgreiða yður helming gjaldsins kr. 22.25.

Þetta tilkynnist yður hjer með og verður yður ávisuð upphæðin til útborgunar hjer á skrifstofunni þegar þess verður óskað .-

Herra
kaupmaður Geir Zoëga, Reykjavik

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

8.jan.1909 332

Á fundi i gær samþykkti bæjarstjórnin,að endurgreiða skyldi kaupmanni Geir Zoëga helming af byggingarleyfisgjaldi því,er hann hafði greitt bæjarsjóði árið 1907,kr.22.25. Þetta tilkynnist yður hjer með ,herra bæjargjaldkeri,og ber yður aðgreiða upphæðina á sinum tima samkvæmt ávisun hjeðan frá skrifstofunni.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
8.jan.1909

333

Á bæjarstjórnarfundi ígær, var tekið til umræðu erindi yðar, herra kaupmaður, og Th.Thorsteinsson um kaup til handa bænum á bryggju ykkar í "Grófinni". Bæjarstjórnin vildi ekki að þessu sinni sæta sölutilboði ykkar heldur frestaði hún að taka ákvörðun um það.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra

kaupmaður Björn Kristjánsson, Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á bæjarstjórnarfundi i gær var tekin til meðferðar beiðni firmasins um að mega byggja bátabryggju á ströndinni nálægt Kleppi. Veitti bæjarstjórnin leyfi til þessa, en þó með eptirfylgjandi skilyrðum :

<u>að</u> bryggjueigandi sje skyldur til að taka hana burt hvenær sem þess verður krafizt, bænum að kostnaðarlausu,

<u>að</u> greidd verði 20 króna leiga árlega fyrir bryggjustæðið og nauðsynleg afnot landsins meðfram bryggjunni,

<u>að</u> bryggjustaðurinn verði valinn i samráði við bæjarverkfræðinginn og

<u>að</u> almenningur megi lenda við bryggjuna og hafa frjáls afnot hennar að svo miklu leyti það kemur ekki i bága við afnot bryggjueigenda sjálfra.-

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna hjer með.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

8.jan.1909

335

Jeg sendi yður, herra bæjarfógeti, hjer með brunabótavirðingar þær, er samþykktar voru á bæjarstjórnarfundi í gær.-

Til

Bæjarfógetans í Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

8.jan.1909

436

Hjer með tilkynnist yður,herra brunamálastjóri,að bæjarstjórnin samþykkti á fundi í gær,brunabótavirðingar á eptirgreindum húseignum :

| | | |
|---|---|---|
| Jóns Magnússonar,Laugavegi | kr. | 5460.oo |
| Ingimundar Pjeturssonar,Sellandsstig | " | 3927.oo |

Herra

brunamálastjóri Hannes Thorsteinsson,Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

8. jan. 1909

336

Á fundi í gær ákvað bæjarstjórnin, að hafna tilboði því, er hlutafjelagið hefur gjört henni um kaup á byggingarlóð fjelagsins við Vonarstræti gegnt inn að Iðnaðarmannahúsinu.-

Þetta tilkynnist hjer með.-

Til

Hlutafjelagsins "Völundur".-Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

8.jan.1909

339

Hjer með tilkynnist yður, herra háyfirdómari, að á fundi í gær kaus bæjarstjórnin yður í fasteignanefnd kaupstaðarins.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
8.jan.1909

340

Hjer með tilkynnist yður, herra yfirdómari, að á fundi í gær kaus bæjarstjórnin yður í fasteignanefnd kaupstaðarins.-

Herra
yfirdómari Jón Jénsson.-Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

8.jan.1909

341

Hjer með tilkynnist yður,herra bæjarfulltrúi, að bæjarstjórnin hefur á fundi í gær kosið yður ásamt bæjarfulltrúunum Sveini Jónssyni og Kristjáni Þorgrímssyni til þess að semja skrá yfir gjaldskylda og gjaldendur til alþýðustyrktarsjóðsins yfirstandandi ár.-

Herra

bæjarfulltrúi Lárus Bjarnason.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
8.jan.1909

342

Hjer með tilkynnist yður, herra bæjarfulltrúi, að bæjarstjórnin hefur á fundi í gær kosið yður ásamt bæjarfulltrúunum Sveini Jónssyni og Lárusi Bjarnasyni til þess, að semja skrá yfir gjaldskylda og gjaldendur til alþýðustyrktarsjóðsins yfirstandandi ár.-

Herra

Bæjarfulltrúi Kristján Þorgrímsson, Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

8.jan.1909 343

Hjer með tilkynnist yður, herra bæjarfulltrúi, að bæjarstjórnin hefur á fundi í gær kosið yður ásamt bæjarfulltrúunum Kristjáni Þorgrimssyni og Lárusi Bjarnasyni til þess að semja skrá yfir gjaldskylda og gjaldendur til alþýðustyrktarsjóðsins yfirstandandi ár.-

Herra

Bæjarfulltrúi Sveinn Jónsson, Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

9.jan.1909

344

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar á fundi 7.þ.m., sendi jeg niðurjöfnunarnefndinni hjer með tilumsagnar erindi Eggerts Brandssonar, trjesmiðs 4.þ.m., um að fá lækkað aukaútsvar það, er honum hafði verið gjört að greiða árið 1908. Óska jeg að hafa fengið umsögn niðurjöfnunarnefndarinnar um þetta fyrir næsta bæjarstjórnarfund sem haldinn verður 21.þ.m..-

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
9.jan.1909

345

Á bæjarstjórnarfundi 7.þ.m., var lögð fram beiðni yðar, herra hafnsögumaður um að fá eptirlaunastyrk. Bæjarstjórnin gat ekki orðið við þessum tilmælum yðar þar sem þjer hafið ekki verið starfsmaður bæjarins.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta, er yður bent á, að ekki er ólíklegt, að þjer munuð geta fengið einhvern eptirlaunastyrk af fje því, er gefst árlega fyrir hafnsöguna, en beiðni um slíkan eptirlaunastyrk ættuð þjer að senda til stjórnarráðsins.

Herra
hafnsögumaður Þórður Jónsson, Ráðagerði.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9.jan.1909

346

Hjer með tilkynnist yður, að bæjarstjórnin hefur á fundi 7.þ.m. samkvæmt umsókn yðar löggilt yður til þess að leggja vatnsæðar frá götuæðunum inn í hús. Ber yður hvað framkvæmd þessa starfa snertir, að hlíta og fylgja í einu sem öllu reglum þeim, er bæjarstjórnin setur um þetta efni.-

Herra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með brjefi dags.6.nóv.f.á. til bæjarstjórnarinnar, sagði hafnsögumaðurinn Þórður Jónsson í Ráðagerði af sjer starfa sínum frá 1.þ.m..Þetta brjef hans sendi jeg hjer með.

Jeg auglýsti sýslanina lausa og hafa nú 4 sótt um hana,sem sje :

Oddur skipstjóri Jónsson í Ráðagerði
Björn skipstjóri Ólafsson í Mýrarhúsum
Jón útvegsbóndi Ólafsson í Byggðarði og
Þorvaldur Jónsson,skipstjóri í Reykjavík

Umsóknir þeirra með fylgiskjölum sendast hjer með.-

Jeg hef lagt umsóknir þessar til umsagnar fyrir bæjarstjórnina og eins og meðfylgjandi útdráttur úr gjörðabókinni sýnir,mælir bæjarstjórnin með því að Oddi skipstjóra Jónssyni í Ráðagerði verði veitt staðan.-

Jafnframt því að segja af sjer hafnsögumannsstarfinu,sækir Þórður Jónsson í Ráðagerði í áðurnefndu brjefi um að honum verði veitt eptirlaun.Þar sem hann ekki gat álitist að hafa verið starfsmaður bæjarins,synjaði bæjarstjórnin honum á síðasta fundi um eptirlaun úr bæjarsjóði.En jeg leyfi mjer virðingarfyllst,að skjóta því til athugunar hins háa stjórnarráðs,hvort ekki sje framvegis hægt að koma því svo fyrir,að nokkur hluti af hafnsögugjaldinu verði látinn ganga til eptirlauna handa hafnsögumönnum,og þá sjerstaklega hvort Þórði Jónssyni ekki gæti orðið veitt eptirlaun úr hafnsögusjóðnum,en Þórður er bæði fátækur og svo veikur,að hann getur ekkert unnið fyrir sjer.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12.jan.1909



Á síðasta fundi frestaði bæjarstjórnin, að veita heilbrigðisfulltrúastarfið fyrir yfirstandandi ár, þar til fengin væri umsögn heilbrigðisnefndarinnar um umsóknir þær, er komið hafa um sýslanina. Jeg leyfi mjer því að senda heilbrigðisnefndinni hjer með umsóknir þessar með fylgiskjölum og beiðast þess að fá umsögn u þær nokkru fyrir næsta fund bæjarstjórnarinnar, sem og um það, hvort veitingin ætti að vera bundin nokkrum sjerstökum skilyrðum að því er starf fulltrúans snertir umfram það sem ákveðið er í sjálfri heilbrigðissamþykktinni.

Gjörðabók nefndarinnar sendist og hjer með.-

Til

Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarstjóri Reykjavíkur 13. jan. 1908

349

Með brjefum dags. 12. sept. og 29. nóv. f.á. hefur fráskilin kona Guðmundar Pjeturssonar, Elinbjörg Runólfsdóttir á Eskifirði, farið þess á leit við bæjarfógetann hjer, að hann innheimti hjá manni hennar meðlög þau, er honum bar að greiða henni með börnum þeirra samkvæmt skilnaðarskilmálunum. Meðlögum þessum var reynt að ná með lögtaki, en það reyndist árangurslaust. Visaði þá bæjarfógetinn erindi Elinbjargar til fátækranefndarinnar hjer, en hún hefur svarað því i brjefi dags. 29. f.m. á þá leið, að henni sje hvorki skylt nje heimilt að greiða fúlgurnar úr fátækrasjóði meðan ekki sje sannað, að konan sje þess eigi megnug að framfæra börnin án sveitarstyrks.-

Þetta eruð þjer, herra sýslumaður, beðinn um að tilkynna konunni Elinbjörgu Runólfsdóttur, og sendi jeg jafnframt hjer með til athugunar nefnt brjef fátækranefndarinnar ásamt brjefum Elinbjargar og brjefi bæjarfógetans dags. 18. sept. f.á., en brjef þessi öll óskast endursend, ef málaleitunum þessum verður haldið áfram.-

Til Sýslumannsins í Suður-Múlasýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

19.jan.1909

350

Fátækranefndin hefur komið þurfamanninum Guðríði Einarsdóttur fyrir til bráðabyrgða hjá Simoni Jónssyni, Klapparstíg 8 fyrir 75 aura meðlag á dag, frá 13.des.f.á. að telja. Eruð þjer því herra gjaldkeri, beðinn um, að greiða nefndum Símoni Jónssyni meðlag með nefndri Guðríði fyrir máðuðinn frá 13 f.m. til 13 þ.m. með 22 kr.50 a. Ennffemur ber að greiða sama Simoni Jónssyni kr.2.75 fyrir skóaðgerð til handa Guðríði.

Til

Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

15.jan.1909

Hjer með tilkynnist yður,herra skipstjóri,að stjórnarráðið hefur i gær skipað yður hafnsögumann fyrir Reykjavikurkaupstað i stað Þórðar Jónssonar i Ráðagerði. Skipunarbrjef yðar er hjer á skrifstofunni og verður afhent yður,er þjer vitjið þess og undirskrifið eiðstaf þann, sem yður verður stýlaður.-

Herra

skipstjóri Oddur Jónsson,Ráðagerði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

16. jan. 1909

Hjer með tilkynnist yður, herra bæjarfógeti, að stjórnarráðið hefur í gær skipað Odd skipstjóra Jónsson í Ráðagerði sem hafnsögumann í stað Þórðar Jónssonar sem sagt hefur af sjer.-

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgastjóri Reykjavíkur 16. jan. 1909

353

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með 40 kr., sem er endurgjald frá Guðmundi stúdent Guðmundssyni á Ísafirði, á meðlagi með Anganty óskilgetnum syni hans og stúlkunnar Ásu Unu Ásgrímsdóttur, áfallið 4. jan. þ.á., en meðlag þetta hefur verið greitt úr bæjarsjóði samkvæmt ávísun minni 5. þ.m.-

Fyrir greiðslu þessari óskast kvittun við tækifæri.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
16. jan. 1909

354

Með heiðruðu brjefi dags. 2. þ.m. hef jeg meðtekið frá yður 40 kr. til lúkningar ársmeðlagi af yðar hálfu með Ángantý syni yðar, er fjell i gjalddaga 4.þ.m.-

Fyrir þessum 40 kr. kvittast hjer með.-

Herra cand. Phil. Guðmundur Guðmundsson , Ísafirði.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

16. jan. 1909

355

Gunnar Jónsson á Bergi við Spitalastig hefur vegna veikinda þurft að fá fátækrastyrk. Hann telur sig eiga framfærslusveit í Rangárvallahreppi í Rangárvallasýslu, og eru það því tilmæli min, að þjer herra bæjarfógeti vilduð láta taka æfiferilskýrslu hans, til þess að vissa fáizt um, hvar hann sje sveitlægur. Ef hann sjálfur er svo veikur, að hann ekki geti gefið skýrsluna, æskist skýrslan tekin af konu hans.-

Æfiferilskýrsluna vænti jeg svo að fá við fyrsta tækifæri.-

Til Bæjarfógeta Reykjavikur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

19. jan. 1909

356

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með skrá yfir ómaga og þurfamenn Reykjavikurkaupstaðar yfirstandandi ár og er tilgreint við hvern þeirra upphæð styrks þess, sem þurfamanninum hefur verið heitinn og lofað hefur verið með ómaganum.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

19. Jan 1909

357

Jeg leyfi mjer virðingarfyllst að senda hinu háa stjórnarráði hjer með eiðstaf Odds Jónssonar í Ráðagerði, sem skipaður hefur verið hafnsögumaður.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
19. jan. 1909

358

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með 40 kr. frá Ytri-Akraneshreppi, sem er endurgjald á barnsmeðlagi, er bæjarsjóður hefur lagt út 17. okt. f.á. fyrir Þórð Bjarnason, með Sigurði Markúsi, óskilgetnum syni hans og Þórunnar Pjetursdóttur.-

Fyrir þessum 40 kr. óskast kvittun við tækifæri.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

21. jan. 1908

359

Ekkjan Jónina Sigurðardóttir á Spitalastig Nr. 8 hjer i bænum hefur orðið að fá fátækrastyrk, og eru það því tilmæli min, að þjer, herra bæjarfógeti, vilduð taka æfiferilskýrslu ekkju þessarar sem allra fyrst, til þess að ákveðið verði hvar hún eigi framfærslusveit.- Eptirrit af æfiferilskýrslunni óska jeg svo að fá við fyrstu hentugleika.-

Til Bæjarfógetans i Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
21. jan. 1909

360

Einar Sveinsson húsmaður i Njálsgötu 29 B. hefur orðið að fá fátækrastyrk og er álitið, að hann eigi framfærslusveit i Eystri- Eyjafjallahreppi. Eru það tilmæli min, herra bæjarfógeti, að yður vildi þóknast að taka æfiferilskýrslu nefnds manns hið allra fyrsta, til þess að ákveðið verði hvar hann eigi framfærslusveit. Eptirrit af skýrslunni óska jeg að fá við fyrstu hentugleika.-

Til Bæjarfógetans i Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

21. jan. 1909

361.

Fátækranefndin hjer hefur orðið að ganga í ábyrgð fyrir legukostnaði Bergþórs nokkurs Vigfússonar, sem eptir skipun landlæknis hefur verið lagður inn á Landakots sjúkrahúsið, veikur af taugaveiki. Jeg bið yður, herra bæjarfógeti, að láta taka æfiferilskýrslu manns þessa, ef læknir leyfir og það er hægt vegna veikinda hans, til þess að komizt verði fyrir um, hvar hann eigi framfærslusveit.--

Eptirrit af skýrslunni vænti jeg svo að fá sent við tækifæri.-

Til Bæjarfógetans í Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

21. jan. 1909

362

Út af erindi yðar dags. 13. þ.m., þar sem þjer farið þess á leit, að fátækranefnd Reykjavikur taki á sig ábyrgð fyrir húsaleigu Baldurs snikkara Benediktssonar, er býr i húsi yðar, eruð þjer hjer með ásamt Baldri kvaddur til viðtals hjer á skrifstofunni við fyrsta tækifæri.-

Herra Árni Árnason, Vesturgötu 30.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
21. jan. 1909

363

Með skirskotum til brjef fátækranefndarinnar hjer dags. 22. f.m. tilkynnist hjer með, að fátækranefndin hefur orðið að veita Ólafi Ólafssyni, Grettisgötu 17, enn á ný styrk úr fátækrasjóði, að upphæð 25 kr., til framfæris fjölskyldu hans. Er hjer með krafið endurgjalds á 2/3 hlutum upphæðar þessarar hið allra fyrsta.-

Til hreppsnefndarinnar í Geithellnahreppi.
Suður- Múlasýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

22. jan. 1909

364

Þorkell Guðmundsson húsmaður í Þingholtsstræti 8 hefur í dag verið veittur styrkur af fátækrasjóði. Þar sem að hann álíst að vera sveitlægur utan Reykjavíkur, eru það tilmæli mín, að yður, herra bæjarfógeti, vildi þóknast að láta taka æfiferilsskýrslu hans hið fyrsta og senda mjer.-

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
22. jan. 1909

365

Bæjarstjórn og byggingarnefnd hafa leyft yður, herra kaupmaður, að breyta sölubúð yðar i Þingholtsstræti Nr. 8 B. á þann hátt, sem þjer hafið farið fram á i brjefi yðar dags. 15. þ.m.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra kaupmaður Magnús Guðmundsson, Þingholtsstræti 8 A

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
23. jan. 1909

366

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með kr.31,5o, sem er endurgjald á legukostnaði stúlkunnar Guðrúnar Eyjúlfsdóttur frá Keflavik á Landakotsspitalanum timann frá 10.- 29 júní f. á., en legukostnað þennan hafði fátækrasjóðurinn lagt út til bráðabyrgða.-

Fyrir upphæð þessari óskast kvittun við tækifæri.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
23. jan. 1909

367

Bæjarstjórnin hefur samkvæmt umsókn yðar í brjefi dags. 23.f.m. veitt yður 20 króna kennslueyri fyrir farlama dóttur yðar, Margrjetu, og getið þjer vitjað þessa styrks til bæjargjaldkerans.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra Einar F.Jónsson , Vitastíg 7.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

23. jan. 1909

368

Bæjarstjórnin hefur á fundi 21. þ.m. veitt Einari F. Jónssyni ,Vitastig 7, kennslueyri handa Margrjeti dóttur hans, sem er farlama.- Þessar 20 kr. er hjer með lagt fyrir herra bæjargjaldkera, að greiða þegar þeirra verður vitjað og færa honum til útgjalda meða óvissra gjalda. Brjef þetta kemur í stað ávísunar, og á það að fylgja með reikningnum ásamt kvittun Einars.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
23. jan. 1909

369

Á síðasta bæjarstjórnarfundi var málaleitun Lúðurþeytafjelagsins um að fá 800 króna styrk yfirstandandi ár ráðið til lykta á þann hátt, að bæjarstjórnin veitti fjelaginu sama styrk og undanfarið ár, sem sje 120 kr. í húsaleigu og 500 krónur að auki, og var það skilyrði jafnframt sett, að fjelagið haldi uppi ókeypis lúðrablæstri fyrir almenning eigi sjaldnar en að undanförnu, og að auglýst sje fyrirfram hvenær spilað sje ókeypis fyrir almenning.-

Jafnframt því að tilkynna þetta leyfi jeg mjer að vænta, að Lúðurþeytafjelagið gangi að þessum skilyrðum, og haldi áfram starfsemi sinni sem að undanförnu yfirstandandi ár, gegn framangreindum styrk úr bæjarsjóði.-.

Til Lúðurþeytarafjelags Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

23. jan. 1909

370

Bæjarstjórnin hefur á fundi 21. þ.m. kjörið yður, herra læknir, til að vera heilbrigðisfulltrúa bæjarins fyrir yfirstandandi ár, með 600 króna árslaunum. Launin greiðast með 50 krónum mánaðarlega fyrirfram fyrir hvern mánuð.-

Þetta tilkynnist yður hjer með og er ætlast til, að þjer takið nú þegar við starfanum.-

Herra læknir Júlíus Halldórsson, Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavikur

23 jan. 1909

N371

Með heiðruðu brjefi dags. 14.þ.m. hafið þjer,herra trjesmiður, ásamt nokkrum öðrum sótt um það fyrir hönd foreldra og vandamanna barna þeirra á skólaskyldum aldri,sem í vetur njóta kennslu í barnaskóla Ásgríms Magnússonar kennara,

1, að styrkur verði veittur úr bæjarsjóði,til að standast kostnaðinn við nám barnanna í skólanum,

2, að börn úr nefndum skóla geti fengið að njóta sama rjettar til sundkennslu,sem börn úr barnaskóla bæjarins,

3, að börnin fái ókeypis böð í baðhúsi Reykjavikur í hlutfalli við börn úr barnaskóla bæjarins.-

Þetta erindi ykkar var tekið fyrir á síðasta bæjarstjórnarfundi og um það ályktað sem hjer segir :

1,Bæjarstjórnin synjaði um styrk úr bæjarsjóði,til að greiða með kennslueyri barnanna.-

2,Börnum úr skól Ásgríms mun verða veittur sami rjettur til ókeypis sundkennslu,sem börnum úr barnaskóla bæjarins.-

3,Milli bæjarstjórnarinnar og stjórnar baðhúsfjelagsins er sá samningur gjörður,að aðeins þau börn,er ókeypis kennslu njóta í barnaskóla bæjarins skuli fá bað ókeypis tvisvar á vetri,og er það ekki á valdi bæjarstjórnarinnar að fá þeim samningi breytt,nema með samþykki baðhúsfjelagsins.En jeg mun fara þess á leit við stjórn baðhúsfjelagsins,að börn úr skóla Ásgríms Magnússonar fái hinn sama rjett,og á sínum tíma tilkynna hver árangurinn verður af þeirri málaleitun.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þetta tilkynnist yður hjer með og eruð þjer jafnframt beðinn um, að tilkynna hinum öðrum brjefriturum og foreldrum barna þeirra á skólaskyldum aldri, sem ganga í skóla Ásgríms Magnússonar.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

23. jan. 1909

372

Á fundi 21. þ.m. samþykkti bæjarstjórnin svohljóðandi ályktun :

" Bæjarstjórnin skorar á niðurjöfnunarnefnd kaupstaðarins að fylgja fram ákvæðum bæjarstjórnarlaganna um að leggja útsvar eptir efnum og ástæðum á alla þá, sem hafa fast aðsetur í bænum, þar á meðal vinnuhjú."

Þetta tilkynnist niðurjöfnunarnefndinni hjer með og vænti jeg, að ályktun þessi verði tekin til eptirbreytni.

Til niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

23. jan. 1909

373

Á fundi 21.þ.m. samþykkti bæjarstjórnin samkvæmt tillögum niðurjöfnunarnefndarinnar, að aukútsvar Eggerts Brandssonar í Sjáfarborg árið 1908 skyldi lækkað úr 20 kr. niður í 14 kr.-

Þetta tilkynnist niðurjöfnunarnefndinni hjer með.-

Til niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

23. jan. 1909

374

Á fundi 21. þ.m. samþykkti bæjarstjórnin, að aukaútsvar Eggerts Brandssonar í Sjáfarborg árið 1908 skyldi lækkað úr 20 kr. niður í 14 kr.-

Þetta tilkynnist yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með til þess að þjer breytið niðurjöfnunarskránni samkvæmt því.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

23. jan. 1909

375

Á siðasta fundi bæjarstjórnarinnar lágu fyrir beiðnir eptirgreindra 5 manna um lækun og eptirgjöf á aukaútsvari því, er þeim hafði verið gjört að greiða hjer árið 1908 :

Arnleifar Helgadóttur,

Carls Ólafssonar,

Guðrúnar Nikuládóttur,

Ragnheiðar Clausen Jónsson og

Mattiasar Einarssonar fyrir hönd júngfrú M.Petitcola.

Bæjarstjórnin visaði öllum þessum umsóknum til umsagnar niðurjöfnunarnefndarinnar og því sendi jeg þær hjer með og óska umsagnar nefndarinnar um þær fyrir næsta bæjarstjórnarfund.-

Til niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

23. jan. 1909

376

Á síðasta fundi kaus bæjarstjórnin Júlíus lækni Halldórsson sem heilbrigðisfulltrúa bæjarins fyrir árið 1909 og ákvað árslaun hans 600 kr.--

Þetta tilkynnist yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með og er jafnframt lagt fyrir yður að greiða nefndum heilbrigðisfulltrúa laun hans með 50 kr. á mánuði hverjum fyrirfram fyrir hvern mánuð, og teljast launin frá 1. þ.m.

Til Bæjargjaldkerans.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
23. jan. 1909

377

Á fundi 21.þ.m. ákvað bæjarstjórnin að veita fyrverandi bæjarfulltrúa Ólafi Ólafssyni 300 króna ellistyrk á ári frá 1.þ.m. að telja.-

Jafnframt því að tilkynna yður þetta, herra bæjargjaldkeri, er lagt fyrir yður að greiða honum styrk þennan með 25 kr. á mánuði hverjum, er greiðist fyrirfram.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

23. jan. 1909

378

Bæjarstjórnin hefur á fundi 21. þ.m. samþykkt að veita yður í viðurkenningarskyni fyrir langt starf yðar í þarfir bæjarfjelagsins 300 króna ellistyrk á ári.-

Þetta tilkynnist yður hjer með, og hef jeg lagt fyrir bæjargjaldkerann að greiða yður styrk þennan með 25 kr. á mánuði fyrirfram fyrir mánuð hvern. Styrkurinn telzt frá 1. þ.m.-

Herra fyrverandi bæjarfulltrúi Ólafur Ólafsson.

Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur 370

1. febr. 1909

Hjer með er lagt fyrir yður, herra gjaldkeri, að greiða herra skólastjóra Morten Hansen 120 kr. á mánuði fyrir ræsting barnaskólans frá 1. jan. þ.á. að telja.-

Til Bæjargjaldkerans.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. febr. 1909



Með auglýsingu í blaðinu „Ísafold" 30. f. m. hefur stjórn „Framfarafjelagsins" boðað til borgarafundar í „Bárubúð" á morgun kl. 6 e. h. til þess að ræða um vatnsveitu bæjarins, gasmálið o. fl. og er þess getið í auglýsingunni, að þess sje vænt að jeg og fleiri úr bæjarstjórninni komi á fundinn til að gefa upplýsingar.

Auglýsing þessi gefur mjer tilefni, til þess að tjá yður, herra bankastjóri, sem formanni „Framfarafjelagsins", að jeg er ekki væntanlegur á fund þennan. En hinsvegar er mjer ánægja að mega láta yður eða stjórn „Framfarafjelagsins" í tje hjer á skrifstofu minni fyrir fundinn allar þær upplýsingar viðvíkjandi ofangreindum málum, sem óskað verður eftir og jeg get í tje látið, til þess að þjer eða fjelagsstjórnin flytji þær fundarmönnum. Jeg geng sem sje út frá, að skýrslur þær og upplýsingar, sem óskað verður eftir, sjeu flestar hverjar þess eðlis, að jeg til þess að svara þeim með nægilegri nákvæmni þurfi að hafa við hendina skjöl og skilríki málanna, sem eru geymd á skrifstofu minni.

Jeg bið yður að sýna mjer þá góðvild, að birta fundarmönnum brjef þetta og bera þeim kveðju mína.

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur